

Minnisblað.

Til: Bæjarráðs

Frá: Kristjáni Sturlusyni sviðsstjóra stjórnsýslu

Efni: 1408161 – Lögfræðialit, beiðni.

Dags.: 25.08.2014

Á fundi bæjarráðs 14. ágúst 2014 var eftirfarandi mál lagt fram:

1408161 - Lögfræðialit, beiðni

Af gefnu tilefni óska fulltrúar Samfylkingar og VG eftir því að starfandi bæjarstjóra verði falið að leita álits Sambands íslenskra sveitarfélaga á því hvort birting fréttar af ákvörðunum fastanefndar áður en fundi viðkomandi nefndar er lokið, líkt og gerðist í tilfelli bæjarráðs þann 24. júlí sl. sé í samræmi við 46. grein sveitarstjórnarlaga.

Fyrirspurnin var send til Guðjóns Bragasonar sviðsstjóra lögfræði og velferðsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Svar hans var eftirfarandi:

Ef ég skil málið rétt þá er það meirihluti bæjarstjórnar sem ákveður að fréttin fari í loftið þegar þessum lið er lokið á bæjarráðsfundinum, þótt fundinum hafi ekki verið lokið, án vitundar fulltrúa minnihlutans.

Ég treysti mér ekki til þess að vísa til ákveðinnar venju í málum sem þessum en tel mig þó muna það rétt að fréttir hafi t.d. í einhverjum tilvikum verið settar inn á heimasíðu Sambandsins um ályktanir stjórnarfundar áður en þeim hefur verið lokið. Þetta er þó alger undantekning og þá aðeins gert með vitund allra fundarmanna.

Spurt er af hálfu minnihlutans hvort þessi ráðstöfun fari í bága við 46. gr. sveitarstjórnarlaga, um að nefndafundur skuli almennt vera lokaðir. Að mínu áliti er hæpið að fullyrða að umrætt atvik brjóti ótvírætt gegn lagagreininni. Má þá m.a. hafa í huga að á sumarleyfistíma hefur bæjarráð sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella til þess að taka endanlega ákvörðun í málum. Almennt verður hins vegar að hafa í huga að ályktanir nefnda eru ekki endanlegar og því varla tilefni til þess að birta fréttir um þær áður en gengið hefur verið frá fundargerð.

Mitt ráð er að bæjarráð ræði hvort málið gefi tilefni til þess að setja verklagsreglur um atvik sem þessi þannig að ekki verði oftast um ágreining að ræða af þessum toga. Í þeim efnum er rétt að hafa einnig í huga að þær reglur taki á því hvort við hæfi sé að einstakir nefndarmenn tjái sig á samfélagsmiðlum eða annan hátt um umræðu eða niðurstöðu á fundi.

Ég vona að þetta svari fyrirspurn minnihlutans á fullnægjandi hátt.

*F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Guðjón Bragason*